


VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Sigurður Guðjónsson

FISKIFRÆÐILEG
ATHUGUN Á VATNASVÆÐI HÍTARAR
SUMARIÐ 1984

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VESTURLANDSDEILD

Borgarnesi, september 1984

HITARÁ.

Í sumar fór fram athugun á ástandi seiða á vatnasvæði Hítarár. Einnig voru athuguð skilyrði fyrir laxaseiði einkum í Grjótárvatni og Hítarvatni. Í Grjótárvatn hefur verið sleppt sumaröldum laxaseiðum (um 20.000 á ári) síðustu árin að undanskildu árinu 1982. Var einnig reynt að fá mat á árangur þessara sleppinga.

Áður hefur Hítará verið athuguð 1976 af Tuma Tómassyni, 1978 og 1979 af Þóri Dan Jónssyni og 1979 af Árna Ísakssyni.

Aðferðir.

Oft er hægt að sjá hvort fiskur sé upprunninn úr eldi með því að skoða hreistur. Þess vegna var hreistri af veiddum laxi safnað og skoðað í sumar. Var þetta einkum gert í þeim tilgangi að fá mat á árangur sleppinga í Grjótárvatn.

Net voru lögð í Grjótárvatn til að athuga hvort seiði frá sleppingu 1983 væru eftir í vatninu, en komið hefur í ljós að seiði ná göngustærð eftir 1 ár í vatninu.

Einnig var gengið með strönd Grjótárvatns og botngerð skoðuð, en laxaseiði þurfa smágrýttan eða grýttan botn til að geta þrífist. Heppileg uppeldissvæði voru svo kortlögð.

Til að fylgjast betur með árangri sleppingarinnar í ár, voru 1300 seiði af þeim 20.000 seiðum sem sleppt var, merkt með því að klippa vinstri kviðugga af. Meðallengd seiðanna í ár var $5,9 \pm 0,7$ (meðaltal $\pm$ staðalfrávik).

Hítarvatn var einnig skoðað og heppileg uppeldissvæði fyrir lax kortlögð. Net voru lögð í vatnið til að athuga silung í því.

Rafveitt var í Hítarvatni svo og á nokkrum stöðum í vatnakerfinu. Ekki var gerð nein tilraun til að fá mat á fjölda seiði á flatareiningu heldur einungis hvort mikið eða lítið væri af seiðum og hvort allir árgangar væru til staðar. Auk þess var mæld rafleiðni vatnsins á nokkrum stöðum á vatnasvæðinu. Slíkar mælingar gefa vísbendingu um magn uppleystra næringarsalta í vatninu og þar með framleiðni lífvera.

Niðurstöður og umræða.

Niðurstöður rafleiðnimælinga sýna að leiðni er allgóð víðast hvar á vatnasvæðinu. Leiðni í ám á gosbelti landsins er oft góð því þar eru jarölög oft ópétt og hripar því vatn þar niður og vatn kemst því í samband við mikið yfirborð jarðvegs og tekur í sig mikið af steinefnum. Þetta á greinilega við í Hítará. Eins eru ár sem renna um gróið land næringaríkar. Þetta má sjá í Fiskilæk og Jarðfallslæk (tafla 1). Verið gæti að seltuáhrifa gæti í Hítará við Skipphyl en þar er leiðni grunsamlega há miðað við leiðni ofar í kerfinu (tafla 1).

Ljóst er frá fyrri athugunum að stærsti hluti sumaröldu laxaseiðanna sem sleppt er í Grjótárvatn ná göngustærð á 1 ári, sem telst vera mjög góður vöxtur. Við lestur hreistursýna kom í ljós að 7 fiskar af þeim 96 sem athugaðir voru voru mjög líklega frá sleppingu í Grjótárvatn (tafla 2). Allir þessir 7 laxar höfðu verið 2 ár í sjó og því úr sleppingu 1981. Árið 1982 var ekki sleppt í Grjótárvatn svo að ekki var að vanta smálaxa (1 ár í sjó) í veiði ættaða þaðan. Hlutfall þessara 7 fiska úr vatninu af veiddum stórlaxi (2 ár í sjó) var um 13%. Ef reiknað er með að lax úr Grjótárvatni skili sér í sama smálaxa/stórlaxa hlutfallinu og laxar sem alast upp á vatnasvæðinu, og sé jafnframt veiddur hlutfallslega jafn mikið og náttúrulegur fiskur er og enn fremur að smálax sé veiddur í sama hlutfalli og stórlax og loks að sama veiðni hafi verið 1983 og 1984 má segja að 13% veiddra smálaxa 1983 hafa verið úr grjótárvatni. Þetta eru því 15 laxar. Út frá þessum gefnu forsendum hafa 22 laxar komið fram í veiði úr sleppingunni 1981. Eins og sjá má eru margir óvissupættir í gefnu forsendunum og með því að gefa sér aðrar forsendur mætti fá aðra tölu um endurheimtur. Einn óvissuliðurinn enn er hve hátt hlutfall af þeim löxum sem í ána ganga veiðist. Þetta er ekki vitað en sé miðað við 30% þá hafa alls 73 laxar úr sleppingunni 1981 komið í ána eftir sjávardvöl. Þetta eru 0,37% endurheimtur. Þessi tala er fremur ágiskun samanber

óvissuþættina sem nefndir eru hér að framan. Auk þeirra er hreisturlestur alltaf háður túlkun lesandans á vafaatriðum.

Af öllu þessu verður séð er erfitt er að gera sér fulla grein fyrir endurheimtum úr þessum sleppingum. Því er mikilvægt að fá betra mat á þetta á komandi árum. Árin 1986 og 1987 verður að fylgjast með kviðuggaklipptum löxum í veiði en 1300 seiði voru merkt á þann hátt í ár. Auk þess legg ég til að laxaseiði sem lseppt verður næsta sumar verði litarmerkt (fluorescent). Þarf þá að koma upp sérstöku útfjólubláu ljósi til að sjá litinn á fullorðnum fiski. Yrði slíkt ljós að vera í veiðihúsi fyrir veiðitíma 1987. Hér skal þá tekið fram að merkingaraðferð þessi er ennþá á tilraunastigi, en flest bendir til að hún virki vel.

Heppileg svæði fyrir laxaseiði eru víða í Grjótárvatni (mynd 2). Heppileg ásetning á þessu svæði tel ég vera 10-15 þúsund seiði sé miðað við 1 seiði á hverju 2 m². Með fækkun seiða sem sleppt er úr 20 þúsund og að á næsta ári verði notuð seiði af stofni árinna má búast við betri endurheimtum. Í net sem lögð voru í vatnið veiddist ekkert og styður það enn frekar þá vitneskju að seiði ganga til sjávar eftir 1 ár. Seiði, sem sleppt var í ár eru of smá til að festast í netin sem notuð voru.

Hítarvatn var einnig skoðað og eru heppileg svæði í vatninu fyrir laxaseiði (mynd 3). Ætti að vera hægt að sleppa um 20.000 sumaröldum seiðum á þessi svæði. Rétt væri að sleppa í tilraunaskini um 10.000 sumaröldum seiðum næsta sumar og merkja þau eins og seiðin í Grjótárvatni, en nota þá annan lit. Í Hítarvatni er bæði urriði og bleikja. Hugsanlegt er að einhver samkeppni gæti orðið milli silungs og laxaseiða um fæðu, en samkeppni yrði sennilega ekki mikil, því vötn ofsetin silungi framleiða oft fjöldan allan af laxagönguseiðum. Í net veiddist bæði urriði og bleikja (mynd 4). Greinilegt er að fiskurinn í vatninu er lítið nýttur því fiskurinn var mjög gamall en silungurinn hægir mjög vöxt er kynþroska er náð. Ef vatn er lítið nýtt verður mikið af öldungum og aðeins fáir ungir

fiskar ná að komast upp, því eldri fiskur keppir við þá um fæðu. Með auknum veiðum kemst meira upp af seiðum og verður hraðari endurnýjun á fiskstofninum. Í Hítarvatni var rafveitt en engin silungsseiði veiddust. Einnig fékkst ekkert af seiðum í net. Því virðist sem silungurinn hrygni í árnar sem í vatnið renna og seiðin alist þar upp fyrstu árin. Silungsseiði koma því ekki til með að keppa við lax um pláss og fæðu.

Silungurinn í vatninu bæði urriðinn og bleikjan voru sýkt af bandormi í þörmum og bandormslirfu á magavegg, sem hugsanlega dregur úr vexti og frjósemi fisksins. Fæða urriðans var nýflugur, bobbar og hornsíli en fæða bleikjunnar var mýflugur, mýflugulirfur, bobbar og svif.

Aðstæður til rafveiða voru erfiðar þegar könnunin fór fram, vegna þess að mikið var í ánum og eftir miklar rigningar. Á neðra svæði Hítarár allt frá Skipphyl upp undir Kattarfoss er botn fremur fingerður, en þó er grjót hér og þar. Á þessu svæði var rafveitt á nokkrum stöðum (tafla 3). Fannst slangur af seiðum, einkum af yngri seiðum, en skortur er á skjóli fyrir eldri seiði víðast hvar á þessum hluta árinna. Þar sem skjól býðst fyrir eldri seiði fundust þau svo sem í Jarðfallalæk (tafla 3, mynd 5). Ef grjót yrði sett í ána til varnar landbroti myndi það einnig veita einhverjum seiðum skjól. Hætt er við að ef grjót yrði sett langt út í ána til að skapa uppeldissvæði fyrir eldir seiði myndi það fljótt grafast í sand eða skolast burt í flóðum. Má benda á slæma reynslu í Langá í þessu sambandi. Hægt er að búa til veiðistaði í neðsta hluta árinna með því að segja björg í ána.

Í Fiskilæk neðanverðum hrygnir lax og fundust þar allir árgangar seiða. Ennþá ofar í Fiskilæk fundust einungis urriðaseiði (tafla 3, mynd 7). Ofan við Kattarfoss fundust laxaseiði en við Valfell á svæði sem hefur ákjósanlegan botn og straumlag fundust engin seiði þrátt fyrir mikla leit. Enn ofar upp við Hítarvatn fannst einungis 1 laxaseiði auk bleikju og urriðaseiða (tafla 3 mynd 6 og 7). Í Grjótá fundust allir árgangar laxaseiða og í Tálma fannst einungis 1 laxaseiði.

Botngerð í Tálma er fremur rýr einkum fyrir eldri seiði. Bleikjuseiði fundust víða í vatnakerfinu enda er sjóbleikja algeng í veiði (tafla 3, mynd 6). Urriðaseiði fundust einnig á nokkrum stöðum í ánum (tafla 3, mynd 7). Almennt má segja að ástand seiða hafi verið eins og við mátti búast. Þó er fjöldi seiði í minna lagi, en erfiðar aðstæður vegna mikils vatns í ánum gæti skýrt það að hluta. Þá er áberandi minna af laxaseiðum í Tálma og Melsá en hefur fundist í fyrri athugunum. Á efsta hluta Hítarár frá Valfelli og upp að vatni var mjög lítið af laxaseiðum. Aðeins fékkst 1 laxaseiði sem var 1 árs meðan við útfall úr vatninu og ekkert seiði við Valfell. Til að athuga þessa seiðafæð betur var rafveitt á ný í september og staðfesti sú könnun að mjög lítið af laxaseiðum er í efsta hluta Hítarár. Ástæðan fyrir þessari seiðafæð liggur ekki ljós fyrir. Verið gæti að kuldi síðustu þriggja ára hafi orsakað að hrogn hafi klakist seint að sumri og seiði því ekki náð nægum þroska fyrir veturinn. Kom fram í athugun haustin 1978 og 1979 að vorgömul seiði voru mjög smá og því er ekki ósennilegt að áin sé á mörkum þess að geta framleitt lax vegna lágs vatnshita. Í köldu árferði ná því nýklakin seiði ekki nægilegum þroska til að lifa fyrsta veturinn af. Því geta verið mikil áraskipti í styrk árganga. Gæti verið að slíkar aðstæður ríktu í Melsá, neðri hluta Tálma auk efri hluta Hítarár og ef til vill víðar. Slíkar sveiflur í styrk seiðaárganga geta orsakað sveiflur í veiði. Skilyrði í sjónum valda þá líka sveiflum í veiðinni. Með því að sleppa smáseiðum á svæði þar sem seiði vantar, en slík seiði eru komin fyrri erfiðasta hjallann. Má hugsanlega minnka sveiflur í seiðafjölda og þar með í veiði. Því er ráðlegt að sleppa seiðum í efsta hluta Hítarár á bestu staðina þ.e. við Valfell og við útfall vatnsins. Í framtíðinni er mikilvægt að fylgst sé vel með ástandi seiða, svo hægt sé að sleppa seiðum þau ár sem árgangar misfarast. Besti tíminn til þessa er á haustin en þá sést hvernig klak hefur tekist. Einnig eru rafveiðar sennilega auðveldari að haustum því þá er oft minna vatn í ánum.

Að lokum tel ég rétt að stuggað sé við sel á ósasvæðinu, því vel getur verið að nokkrir pattaralegir laxar sem dreymi um það eitt að líta á girnilegar flugur veiðimanna endi lífdaga sína í maga selsins.

Tafla 1. Rafleiðni á vatnasvæði Hítarár.

Staður	Rafleiðni Ms/cm
Hítará v/Skipphyl	90
" v/Hítarvatn	60
Fiskilækur	110
Jarðfallalækur	246
Tálmi v/Helgastaði	86
Stekká	71
Grjótá v/Grjótárvatn	49
" v/Múlaselshraun	53
Melsá	63
Bustará	55

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Tafla 2a. Niðurstöður hreisturlesninga af laxi.

Vatnsfall: Hítará

Fisktegund: lax

Sendandi:

Fjöldi sýna:

Veidiár:

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
SF2		hr.		5	4	2	
SE1		"		5	1	2	Sleppiseiði
EH				5	3	2	
GB	10.06.84	"		4,5	4	2	
BG	10.06.84	hæ		5	1	2	Sleppiseiði
RG	10.06.84	"		7	3	2	
RG	20.06.84	hr.		4,5	2	2	
RG	21.06.84	"		6	3	2	
RG	21.06.84	"		4,5	1	2	
RG	22.06.84	"		4,5	2	2	
RG	22.06.84	"		4,5	3	2	
AS	23.06.84	hæ		5	3	2	
GI	24.06.84	hr		6,5	3	2	
DI	24.06.84	"		4	3	2	
DPI	24.06.84	"		6	3	2	
KI	24.06.84	"		4,5	2	2	
MHI	25.06.84	"		5	3	2	
K2	25.06.84	"		6	4	2	
G2	25.06.84	"		4	3	2	
JB1	27.06.84	"		7	3	2	
GPI	28.06.84	"		4	3	2	
EGGI	28.06.84	hæ		4	4	2	
JB2	28.06.84	hr		7	3	2	
JB3	29.06.84	"		5	1	2	Sleppiseiði
JV1	30.06.84	hæ		5	3	2	
JV2	30.06.84	hr		4,5	3	2	
PI	01.07.84	"		5,5	1	2	Sleppiseiði
DI	01.07.84	"		2	3	1	
	02.07.84			4	3	2	
	02.07.84			5	3	2	
	02.07.84			2,5	3	1	
	02.07.84			4	2	1	
	02.07.84			3	3	1	
	02.07.84			2	3	1	

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754 - 101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Tafla 2a, framhald

Vatnsfall: Hítará

Fisktegund: lax

Sendandi:

Fjöldi sýna:

Veidiár:

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
MC1	02.07.84	hr		4	3	2	
	02.07.84			2,5	3	1	
MC2	04.07.84	hg		5	3	2	
GE1	05.07.84	hr		5	1	2	Sleppiseiði
B2	05.07.84	"		2,5			Ólæsilegt
ES	07.07.84	"		3	3	2	
JS	07.07.84	hæ		5	3	2	
M3	07.07.84			2,5	3	1	
TG	07.07.84	hr		4	3	2	
TG	07.07.84	"		5	3	2	
FS	07.07.84	hæ		5	1	2	Sleppiseiði
K1	08.07.84	"		8	4	2	
J2	08.07.84	hr		6	4	1	
J1	08.07.84	hæ		5	4	2	
B1	08.07.84	hr		4	3	2	
K2	12.07.84			2,5	3	1	
J3	12.07.84	hr		2,5	3	1	
R1	14.07.84	"		4	3	2	
J1	15.07.84	"		5	2	2	
N1	16.07.84	hæ		1,5	3	1	
N3	16.07.84	"		2	3	1	
N2	16.07.84	"		2	3	1	
H3	16.07.84	hr		2	4	1	
H1	16.07.84	"		1,5	3	1	
H2	16.07.84	"		2	3	1	
	17.07.84			1,5	4	1	
	17.07.84			5	3	2	
	17.07.84			2	3	1	
	17.07.84			1,5	4	1	
	17.07.84			2,5	4	1	
	17.07.84			2	4	1	
	18.07.84			5	4	2	
	18.07.84			4	1	2	Sleppiseiði
	18.07.84			4			Ólæsilegt

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Tafla 2a, framhald

Vatnsfall:.....Hítará.....

Fisktegund:.....lax.....

Sendandi:.....

Fjöldi sýna:.....

Veidiár:.....

Númer	Veiddagur	Kyn	Lengd í cm.	Þyngd í kg.	Ár í ferskvatni	Ár í sjó	Athugasemdir
	19.07.84			0,8	3	1	
	20.07.84			2	3	1	
El	22.07.84	hæ		3,2	3	2	
	23.07.84			4,5	4	2	
	23.07.84			2	3	1	
	23.07.84			2	4	1	
	24.07.84			2	3	1	
	25.07.84			5,5	4	2	
	26.07.84			2,5	4	1	
	26.07.84			2,5	3	1	
	26.07.84			2	4	1	
	27.07.84			3,5	3	1	
	27.07.84			4,5	3	2	
	28.07.84			4	3	2	
	28.07.84			1,5	3	1	
	01.08.84				3	1	
	01.08.84				4	1	
	01.08.84			1,3	2	1	
	02.08.84			5	3	2	
	04.08.84	hr		2,5	3	1	
	04.08.84	hæ		2,5	3	1	
	05.08.84	hr		2,5	3	1	
	05.08.84			2			Ólæsilegt
	05.08.84	hr		2,5	3	1	
	08.08.84	hæ		4	4	1	
	08.08.84	hr		5	4	2	
	08.08.84	hæ		7,5	3	2	
	11.08.84	hr		1,5	3	1	
	14.08.84	hæ		1,5	3	1	

Tafla 2b. Aldursgreining laxa út frá lestri hreistursýna.

Skipting eftir fjölda
Sjór


Ferskvatn	1 ár	2 ár	Alls
1 ár	0	7	7
2 ár	2	5	7
3 ár	29	32	61
4 ár	11	10	21
Alls	42	54	96

Hlutfallslegur fjöldi
Sjór


Ferskvatn	1 ár	2 ár	Alls
1 ár	0,0	7,3	7,3
2 ár	2,1	5,2	7,3
3 ár	30,2	33,3	63,5
4 ár	11,5	10,4	21,9
Alls	43,8	56,2	100,0

Tafla 3. Niðurstöður rafveiða í vatnasviði Hítarár í ágúst 1984.

Staður	Lax				Urriði					Bleikja			
	0+	1+	2+	3+	0+	1+	2+	3+	4+	0+	1+	2+	3+
Fiskilækur v/Lækjarbug	8	8	3	0	3	1	0	0	0	0	0	0	0
Fiskilækur v/Þjóðveg	0	0	0	0	1	1	0	1	0	0	0	0	0
Jarðfalla- lækur	0	0	11	1	0	0	0	0	1	11	1	0	0
Hítará v/Steinanes	0	2	0	0	0	0	0	0	0	11	0	0	0
Hítará v/Oddsataðfljót	1	0	3	0	0	0	0	0	0	7	1	0	0
Hítará ov/ Grettisstíklur	2	1	0	0	0	0	0	0	0	2	2	0	0
Hítará nv/ Kattarfoss	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	2	0	0
Hítará 2 km ov/ Kattarfoss	2	5	2	1	0	0	0	0	0	3	0	0	0
Hítará v/Valfell	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hítará v/ Valfell sept.	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hítará v/Klif	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hítará v/ Hítarvatn	0	1	0	0	1	2	0	0	0	0	2	0	0
Hítará v/ Hítarv. sept.	0	0	0	0	0	3	0	0	0	1	0	0	0
Hítarvatn	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Stekká	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Melsá	0	0	0	0	0	7	6	0	0	1	0	0	0
Melsá neðar	0	1	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0
Grjótá	3	2	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Tálmi v/ Helgastaði	0	0	1	0	0	0	0	0	0	24	4	0	0
Tálmi neðan v/Grjótá	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0
Tálmi v/ár- mót Melsár	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0



Mynd 1. Yfirlitskort af vatnssvæði Hítarar.



MYND 2.
GRJÓTÁRVATN

III = UPPELDISSKILYRÐI
FYRIR LAX
~ 1:5000

HÍTARVATN

Mælt af Vatnamælingum með bergmálsdýptarmæli í júní 1973

Einkennistöður


Hæð y.s. stv. L.f.	147 m
Flatarmál	7,6 km ²
Mesta mælt dýpi	24,0 m
Rúmmál	66,7 Gí
Meðaldýpi	8,8 m
Mesta lengd	5,4 km
Mesta breidd	1,9 km
Vatnasvið við útfall	55 km ²
Vatnsborð	3,38 m undir FM

FM er 227cm yfir toppi á austasta
járni innan á stíflu

Yfirfall: L=10,55m
Yfirfallbrún 270cm undir FM
(Mælibók 1155)

+++ boðar

/// = SVÆÐI MÆÐ
LÍPPELDISSKILYRÐUM
FYRIR LAX



SKÝRINGAR

Á TÁKNUM

□ : EKKI UNNT AÐ
ALDURSCREIÐA

▤ : 4 ÁRA

▥ : 5 ÁRA

▴ : 6 ÁRA

▾ : 7 ÁRA

▣ : 8 ÁRA



▧ : 9 ÁRA

▨ : 10 ÁRA

URRIÐI

BLEIKJA

FJÖLDI




MYND 4

LENGD

LENGDAR- OG ALDURSDREIFING SILUNGS
Í HÍTARVATNI Í ÁGÚST 1984.

FJÖLDI



MYND 5

LENGDAR- OG ALDURSDEIÐING RÆVEIDDRA LAXASEIDA

□ : 0+

▨ : 1+

MELSA

HÍTARÁ NV/HÍTARVATN

HÍTARÁ

ØV/KATTARFOSS

HÍTARÁ

NV/KATTARFOSS

HÍTARÁ

V/GRETTISSTÍKLUR

HÍTARÁ

V/ODDAFLJÓT

HÍTARÁ


V/STEINANES

JARÐFALLALÆKUR

TÁLMI 2

TÁLMI 1

FJÖLDI



MYND 6

LENGDAR- OG ALDURSDREIFING RÁFVEIÐRA

BLEIKJUSEIÐA



MYND 7
 LENGÐAR - OG ALDUÐREIFING RÆFVEIÐRA
 LIRRIDASEIDA

MYND 8

ADLÖGUNARKASSI FYRIR GÖNGUSEIDASLEPPINGAR.

(Tekur ca. 1500 seiði.)

Botn og hliðar gerðar úr
18mm vatnsheldum krossvið.

